



## 15. stjórnarfundur LH

17. desember 2015 kl. 16:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mættir úr aðalstjórn:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Haukur Baldvinsson, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir

**Fjarverandi:** Eyþór Jón Gíslason ritari, Stella Björg Kristinsdóttir

**Mættir úr varastjórn:** Helga Björg Helgadóttir í stað Eyþórs, Rúnar Þór Guðbrandsson í stað Stellu Bjargar, S. Rúnar Bragason, Hrönn Kjartansdóttir

**Fjarverandi:** Petra Kristín Kristinsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt í tölvupósti.
2. Fundargerð formannafundar – samþykkt.
3. Lárus Ástmar, nokkrir punktar
  - a. Uppgjör Uppskeruhátíðar – Lárus fer yfir, 820 þúsund króna kostnaður fyrir LH.
  - b. Heimur hestsins – Niðurstaðan var sú að gefa tveimur árgöngum, 2004 og 2005, bókina og koma henni í dreifingu í búðum. Næsta skref er að koma þessu í reiðskóla og hestaleigur. Áhugi á að bókin verði þýdd yfir á nokkur tungumál.
  - c. Afrekshópur LH – Fyrsti fundur hópsins var 7.12.2015. Hópurinn fer núna í það að svara nokkrum spurningum áður en lengra er haldið. Góður fundur og framhaldið spennandi.
  - d. Dagskrá LM2016 – Drög verða birt mjög fljótlega þar sem hún verður uppsett frá mánudegi og mun formlegri dagskrá ljúka á laugardegi. Ýmis hestatengd dagskrá verður í boði á sunnudegi.
  - e. Dagsetning Landsmóta, viðræður við FEIF – Verður reynt að fá Landsmóti seinkað um viku í samstarfi við alþjóðasamtökin. Fákur ætlar að færa Landsmótið aftur um viku árið 2018.
  - f. Uppgjör HM2015 – Andrea fer yfir málin, Lárus leggur til að LH óski eftir NIF/HM um minnisblað þar sem farið er yfir samstarfið milli aðila í undirbúningi mótsins. Tillaga samþykkt.
4. Frá gjaldkera – Gjaldkeri fór lauslega yfir stöðuna. Staðan er nokkuð góð.
5. Heimsmínjaskrá UNESCO – íslenski hesturinn. Lárus leggur til að stjórn samþykki að koma þessu verkefni af stað. Miklir hagsmunir fyrir íslenska hestinn. Talið rétt að kanna hvort þetta eigi samleið með Íslandsstofuverkefninu. Tillaga samþykkt.
6. Landsþing 2016 - Snæfellingur býður heim í Stykkishólms. Hesteigendafélag Stykkishólms verður 40 ára, byrjað er að skipuleggja gistirými og annað. Samþykkt að halda Landsþingið 14.-15. október 2016.



7. **Agamál 2.2015** – Bréf barst frá aganefnd með skýringum á ákvörðun aganefndar í máli Sigurðar Ævarssonar. Stjórnin telur að skýringarnar séu vel unnar og rökstyðji fyrri afgreiðslu aganefndar. Andrea bendir á að aganefnd vísi í lög sem ekki eru til lengur.
8. **Íslandsmót 2016** – Dagsetningar klárar, á eftir að skrifa undir samninga. ÍM fullorðinna verður á Selfossi 22.-24.júlí og ÍM yngri flokka verður í Borgarnesi 14.-17.júlí.
9. **Norðurlandamót 2016** – Landsliðsnefnd er byrjuð að vinna að þessu. Mótin á vegum LH: „Svellkaldar“ verða nú „Ískaldar“ og með nýju sniði og „Allra sterkustu“ verður með sama sniði og 2015.
10. **Gæðingakeppnisleiðari** – Góð umræða um leiðarann og mikilvægi þess að hann sé tiltækur á öðrum tungumálum.
11. **Umsóknir um Landsmót 2020 og 2022** – Skrifstofu falið að senda bréf á alla umsóknaraðila og þakka fyrir umsóknina. Umsóknir verða allar skoðaðar á næstunni og umsóknaraðilar sóttir heim til að skoða svæðin og fara yfir forsendur umsóknarinnar.
12. **Önnur mál**
  - a. **Markaðsverkefni** – Vantar peninga inn í þetta verkefni og er byrjað að vinna að því. LH þarf að leggja pening inn í þetta ásamt FHB og FT. Lagt til og samþykkt að LH setji 3 milljónir á ári í verkefnið næstu 4 ár.
  - b. **MAST** - Samþykkt að skrifa bréf til MAST varðandi erindi frá Marteini Magnússyni á formannafundi.
  - c. **FEIF starf** – Góð umræða varð um þetta mál á þá leið að stjórn LH þurfi að koma að vali fulltrúa Íslands í nefndir FEIF.

*Annað var ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30.*